

London 26. janúar 2009

Kæru vinir og vandamenn

Að undanfögnu hefur mikið verið fjallað um mig og störf mín fyrir Kaupþing í fjölmiðlum. Margt af því er ósatt, annað slitið úr samhengi. Eðli málsins samkvæmt get ég ekki verið að svara leka á trúnaðarupplýsingum í fjölmiðlum og hljómgrunnur fyrir svörum mínum hefur oft verið betri en nú. Mig langar þó að greina þér frá nokkrum mikilvægum atriðum um meinta fjármagnsflutninga úr Kaupþingi síðustu vikurnar fyrir fall fyrirtækisins sem hafa verið gerðir tortryggilegir. Jafnframt mun ég fara yfir sölu á hlutum í Kaupþingi til Sheik Al-Thani í Katar sem og ræða eðli og ástæður þess að bankinn veitti starfsmönnum sínum umtalsverð lán til kaupa á hlutum í bankanum. Ég veit vel að vinir mínir og kunningjar geta ekki varið athafnir sem þeir voru ekki þátttakendur í og eru gerðar tortryggilegar í þjóðfélagsmæðunni og ég ætlast heldur ekki til þess. En ég vona að þið bæði skiljið og virðið við mig að í öllum mínum athöfnum vann ég fyrst og síðast að hag Kaupþings og fór alfarið eftir lögum og reglum.

Það eru vissulega undarlegir tímar nú um stundir. Heimsbyggðin öll er í kreppu, sumir segja þeirri verstu í tvö hundruð ár, hvernig sem þeir svo fara að því að mæla það. Ísland er í kreppu sem er verri en annars staðar og er það að mörgu leyti við okkur sjálf að sakast. Ástæður þess að Ísland er í verri stöðu en nágrannaþjóðir landsins eru nokkrar. Fyrst og fremst ber að nefna íslensku krónuna. Undirritaður hefur ásamt mörgum öðrum í fjölda ára bent á að það gangi vitfiringu næst fyrir litla, fámenna þjóð í opnu hagkerfi að vera með eigin gjaldmiðil. Því miður hefur sá ótti reynst á rökum reistur. Sömuleiðis hef ég ásamt mörgum öðrum í mörg ár klifað á því að úr því að landið hefði eigin gjaldmiðil þá gengi það alls ekki að búa við svo mikinn halla á viðskiptum við útlönd eins og Ísland hefur búið við undanfarin ár. Til að vinna á þeim halla yrði gengi krónunnar að aðlagast einhverskonar jafnvægisgengi til þess að viðskipti við útlönd nálgudust jafnvægi. Seðlabanki og stjórnvöld skelltu algjörum skollaeyrum við þessum orðum og því varð aðlögun krónunnar með þeim skelfilega hætti sem orðið hefur. Ég hef einnig lengi verið í hópi þeirra sem ákaft hafa talað fyrir því að gjaldeyrisvarasjóður landsins yrði margfaldaður, því var í engu sinnt og seðlabanki landsins hélt því áfram að vera algerlega vanmáttugur til þess að fást við það verkefni sitt að vera banki bankanna, þrátt fyrir að marg yfirlýst stefna stjórnvalda væri á þessum tíma að hér risi fjármálamíðstöð. Þetta er einnig sárgrætilegt í ljósi þess að Seðlabanki Íslands gerði allt sem í hans valdi stóð til að koma í veg fyrir að bankarnir verðu sig gegn eða færðu sig af áhrifasvæði íslensku krónunnar. Seðlabankinn þvingaði því íslenska banka til að þiggja af sér þjónustu sem hann sinnti í engu að veita.

Ég nefni þessi atriði hér að framan vegna þess að hér er um lykilatriði að ræða þegar núverandi efnahagsaðstæður þjóðarinnar eru skoðaðar. Þetta eru megin ástæðurnar fyrir því að íslenska þjóðin er að fara mun verr út úr heimskreppunni en aðrar þjóðir.

Þessu til viðbótar er það hrein raunarsaga hvernig haldið var á málum á Íslandi í lok september og byrjun október þegar í ljós kom að Glitnir hafði leitað aðstoðar Seðlabankans. Sú aðferð sem þar átti að nota við þjóðnýtingu Glitnis verður í sögubækur skráð sem mikið axarskaft. Eftir á að hyggja er erfitt að segja hvort hægt hefði verið að bjarga Glitni eða ekki, ég hef ekki nægar upplýsingar til að meta það, en að ríkið tæki yfir bankann gat aldrei verið trúverðugt. Það má líka furðu sæta að ríkið treysti sér fremur til að kaupa hlutafé í bankanum fremur en að veita honum lán gegn veðum. Lán er alltaf tryggari krafa en hlutafé. Hin

svokölluðu “Neyðarlög” sem sett voru í kjölfarið eru þó sennilega verstu mistökin. Eftir setningu neyðarlaganna var hæpið að fjármálakerfið gæti staðist.

Nú höfum við séð að undanfögnu að fjármálakerfi annarra landa eru í miklum vanda stödd. Margir hafa því spurt mig hvort að íslenska bankakerfið hafi átt einhverja möguleika í þessum ólgusjó. Að mínu mati er þessi spurning ekki réttmæt. Valkostirnir voru ekki óbreytt kerfi eða algjört hrun eins og við horfum upp á nú. Það sem vantaði fyrst og fremst þegar Glitnir lenti í vandræðum var forysta. Í flestum löndum er þessa forystu að finna í seðlabönkum viðkomandi landa. Þegar miklir erfiðleikar eru uppi kallar hver seðlabanki alla helstu banka að samningaborði og staðan er rædd í hreinskilni. Síðan er tekin ákvörðun um það hvað af kerfinu megi bjarga og þá hvernig. Sú aðgerðaáætlun er síðan lögð fram fyrir helstu lánadrottna bankanna. Því miður taldi Seðlabanki Íslands sig ekki þurfa að leita fyrirmynda út fyrir landssteinanna og óskiljanleg er sú ákvörðun að halda forsvarsmönnum bankanna algerlega fyrir utan þetta ferli. Sennilega spilaði þar inn í að það ríkti aldrei neitt traust eða trúnaður á milli forsvarsmanna bankanna og seðlabankastjóra. Raunar ráðfærði seðlabankinn sig ekki einu sinni við sína eigin hagfræðinga né heldur við erlendu sérfræðingana sem bankinn hafði þó á sínum snærum. Ljóst er nú að hæstráðendur Seðlabankans áttuðu sig engan veginn á stöðunni. Tal seðlabankastjóra í fjölmiðlum um að ríkissjóður yrði því sem næst skuldlaus eftir fall bankana er hrópanði dæmi um vanþekkingu og kolrangt stöðumat.

Af þessu eru Íslendingar að súpa seyðið og ekki séð fyrir endann á afleiðingum þessara ólaga sem neyðarlögin eru og sennilega brýnasta verkefni stjórnvalda nú að vinna ofan af þessari lagasetningu. Þetta ásamt því að stjórnvöld vanræktu skyldu sína til að losa þjóðina undan skuldbindingum vegna Icesave á meðan færi var á eru megin ástæður þess að óttast má að Íslendingum muni reynast torveldara að ná sér á strík eftir kreppuna en öðrum þjóðum, þrátt fyrir að því ætti að vera öfugt farið.

Ljóst er að ljótur leikur er í gangi. Þessi leikur gengur út á að upplýsingum úr skýrslum ýmissa skoðunarnefnda sem vinna að rannsókn á falli íslenska fjármálakerfisins er markvisst lekið úr stjórnkerfinu til valinna fjölmiðla. Einhverra hluta vegna hefur þessi lekastarfsemi undanfarið nær eingöngu snúið að Kaupþingi. Um leið og reynt er að gera allt tortryggilegt varðandi Kaupþing hafa helstu ráðamenn þjóðarinnar, allt þar til Björgvin G. Sigurðsson sagði af sér í morgun, fríað sig ábyrgð á þeim hlutum sem ég hef í stuttu máli rakið hér að framan og eru auðvitað aðalatriði málsins. Þar til í dag, voru stjórnendur bankanna einu aðilarnir mér vitanlega sem axlað höfðu ábyrgð vegna ástandsins sem nú er í þjóðfélaginu. Meira að segja var nálega allri framkvæmdastjórn Kaupþings skóflað út úr nýja bankanum.

Ég skil ekki það offors þeirra sem fara fram gegn Kaupþingi og eru nú orð á borð við “landráðamenn” farinn að heyrast og sitthvað þaðan af verra. Raunar er móðursýkin orðin slík að reyndir blaðamenn láta hafa það eftir sér í fjölmiðlum að þeir skilji hreint ekkert í því að ég skuli voga mér að senda yfirlýsingar á fjölmiðla þar sem ég reyni að útskýra hvað átti sér stað. Ég gef ekki mikið fyrir hlutlausu blaðamennsku þessara einstaklinga!

Ég vil gjarnan fara yfir nokkur mál sem tengjast Kaupþingi og hafa verið mikil til umræðu að undanfögnu. Byrjum fyrst á kaupum Kaupþings og viðskiptavina bankans á svokölluðum skuldabréfaafleiðum. Staðreyndir málsins eru þessar:

Byrjað var að versla með skuldabréfatryggingar á Kaupþing haustið 2005. Þessar tryggingar eru ekki skráðar á neinn markað og um þær gilda engar reglur. Markaðurinn er fullkomlega ógagnsær og aðgengi að honum takmarkað. Þessir samningar gera fjárfestum kleift að kaupa tryggingar á eignir sem þeir eiga ekki. Mönnum er fullkomlega heimilt að grafa undan þessum eignum með því að dreifa um þær sögusögnum eða reyna á annan hátt að hafa áhrif á verð eignanna. Í árslok 2005 og byrjun árs 2006 var gerð fyrsta atlagan að Kaupþingi og hinum íslensku bönkunum á þessum markaði. Okkur tókst að hrinda henni með því að taka mið af stórum hluta þeirrar gagnrýni sem að okkur var beint.

Þegar núverandi fjármálakreppa hófst í júlí 2007 tóku skuldabréfaálög að hækka á ný. Þau náðu hámarki í mars og fóru þá að lækka aftur. Þegar komið var fram á sumar var bankinn í miklu sterkari stöðu en hann hafði áður verið. Það helgaðist af því að í september 2007 stöðvuðum við útlánavöxt bankans, í október sama ár opnuðum við Kaupthing Edge, innlánabanka Kaupþings á netinu, í nóvember 2007 hófum við kostnaðarahlald, í desember sama ár losuðum við bankann úr NBSAM, sem var eignastýringafyrirtæki meðal annars á sviði skuldabréfavafninga, í janúar 2008 hættum við við yfirtökuna á NIBC, sem við þó höfðum fjármagnað, í febrúar seldum við eignir utan kjarnastarfsemi í Bretlandi, í mars komum við skuldabréfamarkaðnum á óvart með vel heppnaðri sölu skuldabréfa í lokuðu útboði, í júní hófum við sölu á sérvörðum skuldabréfum úr íbúðalánasafni bankans og í september höfðum við náð því markmiði okkar að innlán væru 50% af útlánunum.

Þegar hér var komið við sögu var bankinn því miklu sterkari en hann hafði verið við upphaf kreppunnar, þar sem við höfðumst markvisst brugðist við henni. Raunar var staða okkar það góð að í athugun breska fjármálaeftirlitsins sem framkvæmt var í dótturfélagi okkar, Kaupthing Singer & Friedlander, í Bretlandi í þriðju viku ágústmánaðar síðastliðinn var það sérstaklega tekið fram að bankinn stæði einkar traustum fótum.

Þrátt fyrir þetta fór álag á skuldatryggingar bankans að hækka á ný síðasta sumar. Á sama tíma bárust okkur fjölmargar ábendingar um að verið væri að spila með tryggingar á bankann. Bláðamenn erlendis létu okkur vita að röngum upplýsingum og söguburði um bankann væri haldið mjög stíft að þeim oft af almannatenglum sem virtust ráðnir í þeim tilgangi. Umræða um að verið væri að spila með þennan skuldatryggingamarkað varð almennari og ekki einungis bundin við Ísland. Okkur bárust líka ábendingar um að viðskipti með skuldatryggingar bankans væru sáralítill, viðskiptin færu fram í tölvukerfi þar sem þrjár aðilar sendu kaup- og sölutilboð einu sinni á dag. Viðskipti yrðu síðan ef tilboðin mættust og við vissum til þess að álagið hafði hækkað tíu daga í röð án þess að nokkur viðskipti hefðu orðið! Þær hækkanir líkt og aðrar voru tilefni neikvæðra fréttu um stöðu bankans jafnt innanlands sem utan.

Að tillögu Deutsche Bank var ákveðið að láta reyna á hvað myndi gerast ef bankinn myndi sjálfur fara að kaupa þessar tryggingar. Það var hins vegar ekki einfalt mál, þar sem bankinn gat ekki gefið út tryggingar á sjálfan sig. Því var gripið til þess ráðs að fá viðskiptavinum okkar sem við treystum vel og höfðum átt langvarandi samskipti við sem byggðust á trausti og hollustu til að eiga þessi viðskipti fyrir hönd bankans. Vitanlega hefðum við aldrei átt þessi viðskipti nema vegna þessara sérstöku aðstæðna. Viðskiptin voru gerð með hagsmunum bankans að leiðarljósi og í fullu samræmi við lög og reglur.

Eftir að Lehman Brothers varð gjaldþrota þann 15. september versnaði ástandið verulega á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Í Bretlandi voru miklar áhyggjur af því að HBOS og RBS

væru að verða gjaldþrota og bandaríska ríkið varð að bjarga tryggingarisanum AIG. Skuldtryggingaálag Kaupþings hækkaði eins og á aðra banka og ástandinu á þessum haustdögum er ekki hægt að lýsa öðruvísi en sem bankaáhlaupi, ekki aðeins á íslensku bankanna heldur fjármálakerfi heimsins alls. Þar sem að skuldabréfin, sem við í Kaupþingi ásamt viðskiptafélögum okkur höfðum keypt, voru skuldsett og höfðu nú lækkað í verði var aðeins um tvennt að ræða. Að reiða fram meiri tryggingar eða að gefast upp, láta selja skuldabréfin og tapa hluta eða allri upphaflegri fjárfestingunni. Seinni kosturinn var einfaldlega fráleitur í mínum huga. Lausafjárstaða Kaupþings var góð og ekkert sem benti til annars en að bankinn mundi standa þessa ágjöf af sér, rétt eins og bankinn hafði gert árið 2006 og á vordögum 2008. Ef hins vegar skuldabréfin hefðu verið seld hefði bankinn orðið fyrir tjóni og hætt við að aukið framboð skuldabréfa hefði enn frekar grafið undan bankanum og veikt aðgang að hans að lánalínum.

Í fjölmiðlum er nú efast um skynsemi þess sem er kallað að færa fjármuni út úr bankanum vikurnar fyrir fall hans. Þetta er skýring þeirra fjármagnsflutninga. Tilgangur þeirra var að viðhalda Kaupþingi sem "going concern" og allt útlit var fyrir að það tækist í lok september. Nákvæmlega hvenær forsendur breytast er erfitt að segja til um. En ég fullyrði að með þessu var unnið að hagsmunum allra kröfuhafa sem og hluthafa Kaupþings, því um leið og banki hættir að vera "going concern" tapast gríðarlegir fjármunir þegar allar eignir bankans sem aðrir eiga að veði eru seldar eða notaðar til skuldajöfnunar. Þetta er algjört grundvallaratriði. Sorglegt dæmi um slíkt eignatap eða réttara sagt eignabruna má sjá í fréttum af sölu Glitnis á dótturbanka í Noregi.

Ég vil einnig nefna stuttlega helstu staðreyndir í tengslum við sölu á hlutum til Sheikh Al-Thani í Katar á rúmlega 5% hlut í Kaupþingi í september síðastliðnum. Við forsvarsmenn Kaupþings, líkt og stjórnendur fjölmargra annarra banka, höfðum um nokkurt skeið reynt að fá til liðs við bankann stönduga fjárfesta í Mið-Austurlöndum. Það var okkur því sérstakt fagnaðarefni þegar Sheik Al-Thani, bróðir Soldánsins af Katar, keypti 5% hlut í bankanum, en viðskiptunum var komið á fyrir tilstuðlan Ólafs Ólafssonar, stjórnarmanns og eiganda Kjalars. Í ljósi mjög erfiðra aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum þótti okkur sjálfsagt að liðka til fyrir kaupunum með þeim hætti sem kostur var.

Sheik Al-Thani keypti hlutinn í Kaupþingi í gegnum eignarhaldsfélagið Q Iceland Finance ehf. og voru þær fjárfestingar að hluta gerðar í formi persónulegra ábyrgða Sheik Al-Thani sem síðar átti að umbreyta í veðtryggingar í eignum hans. Félög í eigu Sheik Al-Thani og aðila tengdum honum fengu lán að samtals fjárhæð 25,6 milljarða ISK. Þar af var Sheik Al-Thani í sjálfskuldarábyrgðum fyrir lánveitingu að fjárhæð 12,8 milljarðar ISK, eða fyrir helmingi fjárfestingarinnar en eftirstöðvar voru tryggðar með þeim hlutum sem Q Iceland Finance ehf. hafði fjárfest í Kaupþingi. Það er því ljóst að Sheik Al-Thani tók umtalsverða fjárhagslega áhættu með fjárfestingu sinni í hlutabréfum í Kaupþingi. Rétt er að taka fram að seljandi hlutanna var Kaupþing.

Samhliða kaupum Sheik Al-Thani á hlutunum í Kaupþingi fékk félag í eigu hans 50 milljónir dala lánaðar frá Kaupþingi í tengslum við fyrirhuguð kaup hans á skuldtryggingum bankans sem lýst hefur verið hér á undan. Sheik Al-Thani átti ennfremur von á frekari fyrirgreiðslu frá Kaupþingi og Deutsche Bank vegna þessara kaupa. Hins vegar varð ekkert af fjárfestingu hans í skuldtryggingum þar sem bankinn féll í millitíðinni. Við fall íslensks bankakerfis og efnahagslífs hrundi íslenska krónan sem gerði Sheik Al-Thani kleift að draga verulega úr því tjóni sem hann hafði orðið fyrir vegna kaupa á hlutum í Kaupþingi.

Ég vil undirstrika að engir fjármunir hafa verið færðir með óeðlilegum eða ólöglegum hætti úr sjóðum bankans, hvorki til eigenda hans né annarra. Enginn hagnaður hefur orðið til vegna sérstakra samninga við valinn hóp viðskiptavina bankans eða eigenda og engar fyrirframgreiðslur hafa átt sér stað eða voru fyrirhugaðar til viðskiptavina eins og látið hefur verið í veðri vaka í fjölmiðum. Kaupin á skuldatryggingum á Kaupþing og kaup Sheik Al-Thani voru í huga okkar ekki einhver lokaviðbrögð fallandi banka heldur miklu frekar ákvarðarnir sem áttu að marka upphaf nýrrar sóknar.

- - -

Í byrjun nóvember var mikil umfjöllun í fjölmiðlum um ákvörðun stjórnar bankans þann 25. september síðastliðinn að fella niður persónulega ábyrgð á lánessamningum starfsmanna vegna hlutafjárkaupa í bankanum. Fjölmiðlar og fleiri höfðu uppi stór orð um að stjórnendur og jafnvel starfsmenn hefðu með þessu bakað sér refsíábyrgð sem gæti varðað allt að sex ára fangelsi. Strax við fall bankans þann 9. október leituðu starfsmenn eftir því að ganga til samninga við stjórn nýja bankans um uppgjör á þessum kröfum. Með þessu vildu starfsmenn eyða þeirri óvissu sem upp var komin enda þótt það fæli í sér að ákvörðun stjórnar frá 25. september yrði vikið til hliðar. Þáverandi stjórn Nýja Kaupþings taldi rétt að leita eftir lögfræðialiti varðandi réttarstöðu starfsmanna og bankans sjálfs áður en gengið yrði til samninga. Viðar Már Matthíasson prófessor skilaði lögfræðialiti til nýja bankans sem var, ólíkt umfjöllun fjölmiðla, byggð á skoðun á ítarlegum gögnum og rannsóknarvinnu. Niðurstaða hans var sú að ákvörðun stjórnar bankans hafi verið lögleg og ekki hafi verið um að ræða nein brot á almennum hegningarlögum.

Ætla ég nú að víkja aðeins að aðdraganda umræddra starfsmannalána. Með bréfi til Fjármálaeftirlitsins þann 27. nóvember 2003 kynnti bankinn fyrirhugaða kaupréttaráætlun bankans. Þar var sérstaklega tekið fram að stjórnendur myndu ekki bera skaða af því ef verðmæti hlutanna myndi lækka. Á aðalfundi bankans þann 27. mars 2004 var samþykkt að kaup og söluréttir til starfsmanna geti á hverjum tíma numið í heild allt að 9% af útgefnum hlutum í bankanum. Í ræðu formanns launaneftar á fundinum var sérstaklega tekið fram mikilvægi þess að starfsmenn bæru ekki fjárhagslega áhættu af kaupum á hlutafé í bankanum, en nytu á hinn bóginn ávinnings af því að hlutirnir hækkuðu í verði. Bæði hluthöfum og eftirlitsaðilum var því frá upphafi ljóst að ekki stóð til að starfsmenn bæru sérstaka persónulega ábyrgð á lánveitingum.

Vegna hugsanlegra áhrifa söluréttar á útreikninga á eigið fé bankans var óskað eftir því í lok ársins 2005 að starfsmenn felldu niður sölurétt á hlutunum. Á fundi stjórnar bankans í september 2005 var sérstaklega bókað í fundargerð að samhliða því yrði að gera ráðstafanir til að takmarka persónulega ábyrgð starfsmanna. Á þessum tíma var starfsmönnum ekki heimilt að stofna félög utan um fjárfestingar og því var farin sú leið að takmarka persónulega ábyrgð við 10% af höfuðstól skuldarinnar auk þess sem hefðbundin veðköll voru í lánessamningum um að færi verðmæti þeirra niður fyrir tiltekin mörk skyldu hlutirnir seldir og andvirði þeirra nýtt til greiðslu skuldarinnar. Með þessu var talið að starfsmenn væru tryggðir fyrir því að ekki reyndi á persónulega ábyrgð þeirra, þrátt fyrir að þeir féllu frá sölurétti. Ábyrgð starfsmanna bankans var því í upphafi engin og síðan takmörkuð við 10%.

Þegar verð hlutanna lækkaði á árinu 2007 var bankanum nokkur vandi á höndum að nýta sér hefðbundin ákvæði um veðköll hlutabréfanna. Ástæðan var sú að stórfelldar sölur starfsmanna á hlutafé í bankanum hefðu óhjákvæmilega vakið mikla tortryggni hjá öðrum hluthöfum bankans, greiningaraðilum og fjárfestum almennt. Til viðbótar þessu höfðu einstakir

starfsmenn bankans stöðu innherja sem torveldaði sölu hlutanna enn frekar. Bankinn ákvað því að nýta sér ekki skilmála í hlutabréfunum um veðköll en fullvissaði starfsmenn bankans hins vegar um það að þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að gengið yrði að skuldinni á þá persónulega. Rétt er að taka fram að á þessum tíma höfðu nánast allir starfsmenn bankans getað selt hlutina og greitt upp skuldina og átt auk þess verulega fjárhæð til ráðstöfunar. Sama niðurstaða hefði komið upp ef bankinn hefði nýtt sér umsaminn veðköll í lánsamningum.

Enginn vafi er á því að starfsmenn bankans hefðu í dag staðið mun betur að vígi ef í stað kaupréttta hefði komið til annars konar umbunarkerfi. Helstu stjórnendur bankans hafa aldrei selt eitt einasta hlutabréf í bankanum, en hins vegar greitt af þeim fullan tekjuskatt. Sú tekjuskattsgreiðsla hefur einatt verið tilefni til mikillar umræðu um óhófleg launakjör. Menn geta hins vegar andað rólegar núna þar sem þessi ofurháu launakjör voru í raun tilkomin vegna hlutabréfa sem nú eru algerlega verðlaus.

- - -

Undanfarið hefur jafnframt verið reynt að sá frægum tortryggni í fjölmiðlum varðandi ýmiss útlán bankans. Mér er það full ljóst að í dag eru margar lánveitingar tapaðar að hluta eða öllu leyti enda hefur hagkerfi heimsins þróast mun verr en jafnvel svartsýnustu menn spáðu. Það breytir samt ekki þeirri staðreynd að allar lánveitingar Kaupþings voru taldar réttar þegar þær voru samþykktar og allar voru þær veittar með hagsmuni bankans í huga.

Nú er verið að rannsaka starfsemi bankanna og er það sjálfsagt og eðlilegt. Kvíði ég ekki niðurstöðu þeirra rannsókna séu þær gerðar af fagmennsku og heiðarleika. Ég hef þurft að horfa upp á að nöfn samstarfsmanna og vina séu með ómaklegum hætti dregin inn í þessa umræðu, jafnvel í þeim lúalega tilgangi að koma höggi á fjölskyldumeðlimi þeirra. Ég er sannfærður um að þegar farið verður að leita skýringa fremur en blóraböggla muni ég fá tækifæri til að skýra betur mína hlið mála. Í þessu bréfi hef ég ekki svarað öllum þeim ávirðingum sem ég hef verið borinn að undanfögnu, enda vitið þið mætavel að ég er ekki þannig skapi farinn að ég ætli að eyða öllum mínum tíma í að svara því sem einhverjum kann að detta í hug að skrifa um mig á blogginu.

Með kveðju
Sigurður Einarsson